

Fundið fé - Fleiri burðir

- Víða erlendis eru framleiðslukerfi sem byggja á minna en árs bili á milli burða og dreifðari burðartíma. Með því móti næst betri nýting á hverja framleiðslueiningu kind/aðstöðu og hægt er að selja ferskt kjöt hvenær sem er ársins.
- Dæmi um uppsetningu eru þrír burðir á tveimur árum hjá hverri á. Það þýðir að bil milli burða þarf að vera um átta mánuðir. Kind sem ber í maí þyrfti að bera næst í janúar og þá í september. Hringnum er svo lokað á þriðja ári þegar hún ber aftur í maí.
- Til að fá burðartíma þrisvar á hverju ári er ánum skipt í tvo hópa sem bera til skiptis með fjögurra mánaða millibili. Þetta er kerfi er vel þekkt og talsvert notað, meðal annars í Svíþjóð, Finnlandi og Kanada.
- Hentugast er að stilla það af þannig að burður sé í maí, september og janúar en þá er hentugt að slátra á hefðbundnum tíma að hausti, fyrir jól og fyrir páska.
- Lömbum sem er slátrað fyrir jól og páska eða fyrstu grill vorsins verða að líkindum léttari en lömb sem er slátrað að hausti vegna ungs aldurs en vænta má mun hærra verðs fyrir þau en lömbum slátrað að hausti.

Dæmi um skipulag:

	fang	burður	fang	burður	fang	burður	fang
Hópur 1	15. des.	7. maí	15. ágúst	5. jan.	15. apríl	5. sept.	15. des.
Hópur 2	15. apríl	5. sept.	15. des.	7. maí	15. ágúst	5. jan.	15. apríl

Er hægt að fá íslenskar ær til að bera með svo stuttu millibili?

- Já það er hægt með átta mánaða millibili.
<https://timarit.is/page/6848167#page/n43/mode/2up> Þó hefur ekki enn verið prófað að láta þær bera ítrekað með átta mánaða millibili.
- Hrútar geta lembt ær og eru frjóir allt árið en eru virkastir í mesta skammdeginu

Hver er ávinningurinn?

- Ávinningurinn eru meiri ársafurðir eftir hverja kind.
- Lömbum sem er slátrað utan hefðbundinnar sláturtíðar er að öllum líkindum hægt að fá herra verð fyrir kjötið enda selt sem ferskvara.
- Framleiðslan yrði jafnari yfir árið og nýting betri á húsakosti og vinnuafl.
- Aukning tekna eftir hverja kind.

Hvað þarf til?

- Það sem þarf að vera til staðar er rúmur húsakostur til að fódra lambfé inni yfir veturinn.
- Túnrækt þarf að vera góð, meira þarf af heyjum fyrir hverja kind bæði að magni og gæðum.
- Hægt þarf að vera að nálgast ær úr högum snemma hausts sem eiga að festa fang í ágúst en það yrðu ær sem borið hafa í maí og eins þarf að nálgast ær sem eiga að bera í september í tæka tíð.
- Aðgengi að slátrun þarf að vera tryggt á óhefðbundnum tímum.
- Þessi framleiðsluaðferð krefst jafnvel enn meiri natni og yfirlegu en hefðbundin sauðfjárrækt til að ná góðum árangri. https://www.rml.is/static/files/RML_bu-taekni/2021/lean-a-saumburdi.pdf

Hvernig fær maður ær til að bera með átta mánaða millibili?

- Til þess er best að venja lömbin undan um 80 daga gömul.
- Eftir um 100 daga frá burði þarf ærin að festa fang. Þegar ærin festir fang þarf hún að vera vel fódruð og komin í gott fóðrunarástand.
- Íslenskum ám er eðlislægt að festa fang frá nóvember og út apríl. Á öðrum tímum eins og við fang í ágúst er nauðsynlegt að nota frjósemislyf til þess að ná sem bestum árangri.
- Auk þess að alltaf kostur að ærnar séu samstilltar til þess að ná að halda uppi átta mánaða bilinu.

Hefur þessi framleiðsluaðferð áhrif á stuðningsgreiðslur frá ríkinu?

- Nei, ekki eins og þeim er háttað núna. Eftir sem áður miða þær við framleiðslu fyrra árs sem verður líklega meiri, fjölda vetrarfóðraðra kinda skv. haustkýrslu og skráðs greiðslumarks í ærgildum í upphafi árs.
- Landgreiðslur og jarðræktargreiðslur sem miða við hektarafjölda ræktaðs lands yrðu hærri í krónutölu vegna fleiri hektara í ræktun en við hefðbundna framleiðslu aðferð. <https://island.is/reglugerdir/nr/0144-2022>
<https://island.is/reglugerdir/nr/0430-2021>

Hverjir eru helstu kostnaðarliðir?

Helstu kostnaðarliðir umfram hefðbundna aðferð eru:

- Meira húspláss
- Aukin vinna við fóðrun lambfjár
- Aukin endurræktun túna og stærra heimaland
- Kjarnfóður fyrir nýbærur og lömb.
- Dýralækna- og lyfjakostnaður vegna samstillinga.

Borgar þetta sig?

- Skoða þarf aðstæður hvers bús, húsakost, ræktun og aðgengi að landi.
 - Hvað með aðengi að slátrun utan hefðbundins slátrunartíma?
 - Hvaða möguleikar eru í heimavinnslu og/eða vinnsla í nágrenninu?
 - Verð á kjötinu þarf að vera umtalsvert herra en nú er samkvæmt núverandi greiðslum vegna hefðbundinni haustslátruna.
- <https://www.rml.is/is/radgjof/jardraekt/groffodurkostnadur>
<https://www.rml.is/is/radgjof/rekstur-og-nyskopun/bustjorn>

Skýrslan í heild:

https://www.rml.is/static/files/RML_saudfjarrækt/2022/fundid-fe-skyrsla-um-fjolfreyttari-framleidsluadferdir-i-saudfjarrækt-des-2022.pdf